

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Lagt er til að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að gera viðauka við samning Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík með þjónustusamning við skóla- og frístundasvið þar sem gildistími samninga og viðauka samkvæmt honum verða framlengdir til 30. júní 2022. Í þeim tilfellum þar sem gildistími er til lengri tíma en 30. júní 2022 verði gerð sú breyting gagnvart viðsemjendum að samningar fái gildistíma til 30. júní 2022.

Jafnframt er lagt til að sviðsstjóra verði falið að leggja fram drög að nýjum þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna leikskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg með gildistöku frá 1. júlí 2022 til þriggja ára. Skal hann leita eftir samráði við fyrirsvarsmenn sjálfstætt rekinna leikskóla vegna nýs samnings.